



Borgarráð

Göngu- og hjólastígar við Hálsabraut og Suðurhlíð.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að fara í framkvæmdir við gerð göngu- og hjólastíga við Hálsabraut og Suðurhlíð. Verkefni eru í samstarfi við Veitur og Vegagerðina.

Kostnaðaráætlun 2 vegna verkefnanna er 470 m.kr. Þar af er hluti Reykjavíkurborgar 150 m.kr.

Greinargerð:

Göngu- og hjólastígur við Suðurhlíð er hluti af verkefnum samgöngusáttmála en Reykjavíkurborg sér um hönnun og framkvæmdir. Göngu- og hjólastígur við Hálsabraut er verkefni hjólreiðaáætlunar og er samstarfsverkefni með Veitum sem kostar endurnýjun á veitulögnum.

Áætlað er að framkvæmdir geti hafist á árinu 2023 og ljúki 2024.

Kostnaðarstaður: 3105

Kostnaðaráætlun 2: 470 m.kr. Þar af er hluti Reykjavíkur 150 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
Kynning

